

16. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn þann 9. desember 2010, kl. 16.00, á skrifstofu FSÍ í Laugardal.

Mættir eru: Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Ragnheiður Thorlacius, ritari, Þóra Sigurðardóttir, gjaldkeri, Sólveig Jónsdóttir, almannatengslafulltrúi og Hrunn Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri.

Formaður setti fundinn.

Á dagskrá eru eftirfarandi mál:

1. Fundargerðir

Fundargerð 15. fundar frá 29. nóvember 2010 samþykkt.

2. Fjárhagsáætlun FSÍ 2011.

Málið var áður á dagskrá á 14. fundi stjórnar. Fyrir fundinum liggja ýmsar upplýsingar sem framkvæmdastjóri hefur unnið milli funda, t.d. um áætlaðan kostnað við ýmis verkefni á árinu 2011. Formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna áfram í málinu.

3. Viðurkenningar FSÍ

Samkvæmt 15. gr. reglugerðar FSÍ veitir FSÍ við sérstöku tækifæri einstaklingum eða félögum heiðursviðurkenningar fyrir mikil og góð störf fyrir sambandið og fimleikana í landinu.

Ákvörðun stjórnar um viðurkenningar á árinu 2010 verður tilkynnt uppskeruhátíð FSÍ sem haldin verður þriðjudaginn 28. desember nk., kl. 16.30 á Grand Hótel, Sigtúni 38, Reykjavík. Á hátíðinni verða íþróttamaður og íþróttakona FSÍ 2010 einnig heiðruð. Framkvæmdastjóra falið að undirbúa hátíðina og tilkynna boðsgestum.

Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn 13. janúar nk., kl.16.00.

Fundi slitið kl. 18.15.

Ragnheiður Thorlacius,
ritar fundargerð.